

5. fundur Skólaráðs – 3. júní 2022.

Mættir; Hrönn Bergþórsdóttir skólastjóri, Linda Rún Skarphéðinsdóttir, fulltrúar foreldra gat ekki mætti, Tinna Bessadóttir fulltrúi grenndarsamfélagsins mætti ekki. Birkir Óli Júlíusson, 10.SS og Sunna Björg Harðardóttir, 10.SS, fulltrúar nemandafélagsins, Gabriel Harasimscuk voru í Þórsmörk, Katrín Hallgrímsdóttir og Sólveig Baldursdóttir fulltrúar kennara og Sigurlaug M. Ómarsdóttir, fulltrúi starfsmanna, Valgerður Júlíusdóttir, aðstoðarskólastjóri er ritari.

Dagskrá:

1. Niðurstöður nemenda/foreldra/starfsmannakannana.
2. Undirbúningur fyrir næsta skólaár.
3. Önnur mál.

1.Niðurstöður nemenda/foreldra/starfsmannakannana.

Skólastjóri kynnti niðurstöður nemendakönnunar sem er tekin mánaðarlega yfir allt skólaárið. Skólinn er í, við og yfir meðaltali í flestum þáttum en stefnan er að vera yfir meðaltali í öllum þáttum. Nokkrir þættir hafa dalað í covid en þar eru heilmikil sóknarfæri. Unnið verður úr könnuninni á loka starfsmannafundi skólans og umbótaáætlun fyrir næsta skólaár. Ekki var sérstök foreldrakönnun í ár. Starfsmannakönnunin kom vel út og þar eru einnig mörg sóknarfæri. Stjórnunarhlutinn kom mjög vel út.

2.Undirbúningur fyrir næsta skólaár. Vel gengur að undirbúa næsta skólaár, töfluundirbúningur er nánast kominn og búið að manna allar stöður kennara en vantar tvo skóla- og frístundaliða fyrir næsta haust. Auglýst verður í júní.

3.Önnur mál. Fram kom að Víðistaðaskóli hefur lokið öllum þáttum varðandi ytra mat skólans og telst því útskrifaður en auðvitað er alltaf umbóta- og þróunarstarf í gangi.

Fleira var ekki rætt – fundi slitið kl.9:15.

Næsti fundur verður í haust.

Ritari: Valgerður Júlíusdóttir